

Fundur haldin á Íslandsmóti 1 yngri flokka laugardaginn 15.11.2025 í Kórnum.

Mættir fulltrúar frá: Aftureldingu, Þrótti Nes, HK, KA og Vestra.

1. Bikarmót U14 og U20 í lok nóvember
 - a. U14 kk= Eigum við að spila í 6 manna eða 3ja manna blaki? **6manna blak í bikarnum samþykkt.**
 - b. Hvernig skiptum við liðum þar sem ekki hægt er að láta alla spila við alla?
 - i. A og B deildir þar sem bikarmeistarar eru krýndir í þeim deildum
 - ii. **Eins og U20 var spilað á haustmótinu? Spila svona ef fleiri en 1 deild með amk 8 liðum. Undanúrslit A og B liða og verðlaun fyrir allar deildir. A,B og C bikarmeistarar.**
 - iii. Draga í riðla?
2. Hverjir spila til úrslita?
 - a. Spila úrslitaleikina í U14 og U16 kvk í Digranesi?
 - i. **U14 spila til úrslita að Varmá. Bein útsending á YouTube helst af öllum úrslitaleikjum. Þó að U14 kvk verði með mörg lið að klára að spila þá leiki á mótinu.**
 - ii. **U16 kvk : Úrslitaleikur í Digranesi samhliða Kjörisbikarnum.**
3. **Heyra í Þrótti R varðandi mótahald yngri flokka :** Áhyggjur hjá fundarmönnum hvort hagnaður mótsins fari í uppbyggingu yngri flokkanna. Spurning að BLI taki fund um það með þeim. Þannig að yngri flokka mótin séu ekki fjármögnunarmót fyrir meistaraflokkana þeirra. Reglur ÍSÍ varðandi aðskilin fjárhag og nýta skuli yngri flokka mótin til að efla yngri flokka starfið.
 - a. Óánægja varðandi dómgæslu í Laugardalnum hjá U14: Engin að aðstoða krakkana. Eldri leikmenn , t.d. Meistaraflokks leikmenn, þurfa að vera tilbúnir að aðstoða í dómgæslunni þannig að ekki sé verið að skammast í krökkunum og passa upp á að spilað sé eftir reglum. Ekki t.d. hægt að enda leik með jöfnum tölum eins og gerðist og þurfti að kalla in inn á völlinn aftur til að klára leikinn.
 - b. Minni vellir hjá U14 en hjá U12. Hvernig stóð á því?
4. Mikil óánægja með að hafa U12 kk í Laugardal. Eykur kostnað og erfitt fyrir liðin utan af landi. Blönduð lið: 3 stelpur fengu ekki að borða hjá Þrótti því þær voru í gistingu hjá HK. Ekki ásættanlegt.
5. **Íslandsmót U20: Vormót ATH.. SAMA HELGI OG 1.D ÚRSLIT.**
 - a. Dags: 10.-12. apríl
 - b. Flokkar: U20
 - c. Staðsetning: HK – Kópavogi
 - d. Úrslit í 1. deild eru spiluð sömu helgi í Laugardal hjá Þrótti Rvk. **Viljum helst færa U20 mótið hjá HK í maí sömu helgi og U12 og U14 eru í Grundarfirði/Ólafsfirði svo U20 fái sitt eigið mót. Auk þess eru U20 liðin flest að spila í 1.deild kvk. Væri hægt að spila það eins og Haustmótið í Fagralundi eða Digranesi.**

